



Vátryggingafélag Íslands hf.

Afkoma fyrsta ársfjórðungs 2013

Árshlutareikningur félagsins fyrir fyrsta ársfjórðung 2013 var samþykktur af stjórn og forstjóra félagsins á stjórnarfundum þann 17. maí 2013. Árshlutareikningurinn hefur hvorki verið endurskoðaður né kannaður af endurskoðendum félagsins.

Helstu niðurstöður:

- Hagnaður félagsins eftir skatta var 711 m.kr samanborið við 589 m.kr. hagnað á fyrsta ársfjórðungi árið 2012.
- Iðgjöld tímabilsins námu 4.024 m.kr. og hækka um 6,7% frá sama tímabili árið 2012.
- Samsett hlutfall var 100,4% samanborið við 102,4% fyrir sama tímabil 2012.
- Hagnaður fyrir skatta af fjárfestingastarfsemi var 808 m.kr. samanborið við 741 m.kr. á sama tímabili 2012.
- Heildareignir í lok ársfjórðungsins námu 48.755 m.kr. samanborið við 43.452 í árslok 2012.
- Fjárfestingaeignir félagsins námu 36.128 m.kr. samanborið við 34.706 m.kr. í árslok 2012.
- Eigið fé félagsins nam 15.181 m.kr í lok ársfjórðungsins samanborið við 14.470 m.kr í árslok 2012.
- Arðsemi eigin fjár á ársgrunni var 19,2% samanborið við 19,9% á sama tímabili árið 2012.
- Gjaldþolshlutfall móðurfélagsins var 4,9 í lok ársfjórðungsins að teknu tilliti til áætlaðra arðgreiðslna.

Sigrún Ragna Ólafsdóttir, forstjóri

„Rekstur félagsins árið 2013 fer vel af stað og er í meginatriðum í samræmi við væntingar stjórnenda. Hagnaður tímabilsins nam 711 m.kr. sem er 122 m.kr. meiri hagnaður en var á sama tímabili árið 2012. Samsett hlutfall var 100,4% og lækkar frá sama tímabili 2012. Hafa ber í huga að afkoma af vátryggingarekstri getur verið sveiflukennd milli ársfjórðunga. Fjármálarekstur félagsins skilaði 808 m.kr. hagnaði fyrir skatta en hagnaður af fjármálarekstri fyrir skatta á fyrsta ársfjórðungi 2012 nam 741 m.kr. Vakinn er athygli á að Lífis varð hluti af samstæðu félagsins þann 1. apríl 2012 svo tölur eru ekki að fullu samanburðarhæfar á milli fyrsta ársfjórðungs 2012 og 2013.

Eigin iðgjöld samstæðunnar námu alls 3.878 m.kr. á tímabilinu en voru 3.653 m.kr. á sama tímabili í fyrra. Eigin tjón voru 3.021 m.kr. og hækkuðu um 43 m.kr frá árinu áður. Rekstrarkostnaður var 999 m.kr. en var 856 m.kr. á sama tíma í fyrra og skýrist hækkunin að stórum hluta af tilkomu Lífis í samstæðu VÍS.

Afkoma af eignatryggingum var góð á tímabilinu og skilaði greinin 230 m.kr í hagnað fyrir skatta en engin stór tjón urðu á tímabilinu. Tap varð af lögbundnum ökutækjatryggingum á tímabilinu en þróunin í greininni er þó jákvæð á milli ára.

Rekstur af fjárfestingastarfsemi gekk vel á rekstrartímabilinu, þrátt fyrir neikvæð áhrif af styrkingu á gengi krónunnar og talsverðar sveiflur á ávöxtunarkröfu ríkistryggðra skuldabréfa m.a. í tengslum við umræðu um styrkleikamat á Íbúðalánasjóði. Nokkur hækkun varð á hlutabréfum á rekstrartímabilinu.

Gjaldþol móðurfélagsins var 14,9 milljarðar króna og gjaldþolshlutfall 4,9 sem er vel umfram markmið félagsins sem er að vera með gjaldþolshlutfallið yfir 4,0. Við útreikning á gjaldþoli og gjaldþolshlutfalli hefur verið tekið tillit til áætlaðra arðgreiðslna á árinu 2014 vegna afkomu á fyrsta ársfjórðungi 2013 samtals 540 m.kr. Í lok tímabilsins nam vátryggingaskuld samstæðunnar 30,3 milljörðum króna, en eignir til jöfnunar vátryggingaskuldar voru 42,4 milljarðar króna, eða 12,1 milljörðum króna hærri sem endurspeglar fjárhagslegan styrk VÍS“.

Horfur

Stefna félagsins er að leggja áfram áherslu á áhættumat og verðlagningu vátryggingaráhættu ásamt öflugu forvarnarstarfi til að fækka tjónum. Unnið er að því að einfalda og auka skilvirkni í starfsemi félagsins. Jafnframt er áframhaldandi áhersla á að ná traustri langtímaávöxtun á fjárfestingar í samræmi við fjárfestingastefnu félagsins.



Hluthafar

Hlutabréf VÍS voru tekin til viðskipta í Kauphöll Íslands miðvikudaginn 24. apríl síðastliðinn. Markaðsvirði félagsins nam 24,8 milljörðum króna miðað við lokagengi þann 16. maí 2013. Lokagengi dagsins nam kr. 9,91 á hlut. Fjöldi útgefinna hluta er 2.502.757.040. Þann 15. maí s.l. flokkuðust hluthafar félagsins þannig:

Flokkur	Fjöldi hluta	%	Fjöldi hluthafa
Einstaklingar	352.747.114	14,1%	2.882
Aðrir fjárfestar	1.882.961.627	75,2%	522
Lífeyrissjóðir	266.771.775	10,7%	40
Eigin bréf	276.524	0,0%	
Hlutafé alls	2.502.757.040	100,0%	3.444

Um VÍS

VÍS er leiðandi fyrirtæki á sviði vátrygginga á Íslandi. VÍS nýtur sterkar stöðu á íslenskum vátryggingamarkaði með liðlega þriðjungs markaðshlutdeild. Félagið býður upp á víðtæka vátryggingaþjónustu til viðskiptavina sinna þar sem rík áhersla er lögð á viðeigandi ráðgjöf um vátryggingavernd, gæði í þjónustu, skilvirkni og sveigjanleika.

Meginstarfsemi VÍS er á sviði skaðatrygginga og líftrygginga og starfrækir félagið 41 þjónustuskrifstofu víðsvegar um land. VÍS leggur áherslu á að starfsmenn og umboðsmenn félagsins vinni eftir grunnildum félagsins sem eru umhyggja, fagmennska og árangur.

Hlutverk VÍS

VÍS er traust, leiðandi og framsækið þjónustufyrirtæki sem veitir viðskiptavinum viðeigandi vátryggingavernd og stuðlar að öryggi í samfélaginu með öflugum forvörnum.

Kynningarfundur:

Kynningarfundur fyrir markaðsaðila og hluthafa verður haldinn hjá VÍS í Ármúla 3, 5. hæð, þann 17. maí n.k. kl. 16:00. Þar munu Sigrún Ragna Ólafsdóttir forstjóri VÍS og Guðmar Guðmundsson framkvæmdastjóri fjármálasviðs kynna afkomu félagsins og svara spurningum.

Kynningarefni fundarins verður aðgengilegt að honum loknum á heimasíðu VÍS: www.vis.is

Fjárhagsdagatal

Viðburður	Dagsetning:
2. ársfjórðungur 2013	20. ágúst 2013
3. ársfjórðungur 2013	19. nóvember 2013
Ársuppgjör 2013	25. febrúar 2014
Aðalfundur 2014	13. mars 2014



Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar veitir Sigrún Ragna Ólafsdóttir forstjóri í síma 560-5000 og í netfangi fjarfestatengsl@vis.is.



Rekstraryfirlit og lykiltölur

	m.kr.	1F 2013	1F 2012	2012
Rekstur	Iðgjöld ársins	4.024	3.770	16.460
	Eigin iðgjöld	3.878	3.653	15.871
	Fjármunatekjur	976	858	3.936
	Heildartekjur	4.888	4.546	19.939
	Tjón ársins	(3.038)	(2.811)	(12.113)
	Eigin tjón	(3.021)	(2.978)	(12.067)
	Rekstrarkostnaður	(999)	(856)	(4.044)
	Heildargjöld	(4.059)	(3.860)	(16.256)
	Hagnaður	711	589	3.025
	Hlutföll	Tjónahlutfall	75,5%	74,6%
Kostnaðarlutfall		21,7%	20,3%	21,6%
Endurtr.kostnaðarlutfall		3,2%	7,5%	3,3%
Samsett hlutfall		100,4%	102,4%	98,5%
Eiginfjárlutfall		31,1%	30,3%	33,3%
Arðsemi eiginfjár		19,2%	19,9%	23,2%
Gjaldþolshlutfall móðurfélags		4,9	4,0	4,9



**Efnahagsyfirlit**

	m.kr.	31.3.2013	31.12.2012
Efnahagur	Eignir		
	Fjárfestingar	31.546	30.388
	Laust fé	4.584	4.318
	Viðskiptakröfur	8.209	4.797
	Endurtryggingaeignir	906	567
	Aðrar kröfur	1.049	916
	Óefnislegar eignir	968	982
	Aðrar eignir	1.493	1.484
	Eignir samtals	48.755	43.452
	Skuldir		
Eigið fé	15.181	14.470	
Vátryggingaskuld	30.289	26.204	
Viðskiptaskuldir	1.642	1.167	
Aðrar skuldir	1.643	1.611	
Skuldir samtals	48.755	43.452	
Hlutföll	Eiginfjárlutfall	31,1%	33,3%
	Gjaldþolihlutfall móðurfélags	4,9	4,9

Til athugunar fyrir fjárfesta

VÍS vekur athygli á því að staðhæfingar sem finna má í þessari fréttatilkynningu kunna að vera byggðar á mati og áætlunum stjórnenda félagsins en ekki á staðreyndum sem hægt er að sannreyna við birtingu tilkynningarinnar. Eðli málsins samkvæmt fela slíkar staðhæfingar í sér óvissu. Athygli fjárfesta er vakin á því að margir þættir geta haft þau áhrif að rekstrarumhverfi félagsins og afkoma verði með öðrum hætti en forsendur gera ráð fyrir í tilkynningunni. Þessi tilkynning verður ekki endurskoðuð eftir birtingu hvað þetta varðar. Staðhæfingar sem finna má í þessari fréttatilkynningu gilda eingöngu á því tímamarki þegar fréttatilkynningin er fyrst birt og takmarkast gildi þeirra við það sem segir í fyrirvara þessum.